

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 31. maí 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga, þingskjal 808 – 569 mál, um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki**

### **I) Inngangur**

Samtök sprotafyrirtækja (hér eftir „samtökin“ eða „**SSP**“), sem starfa innan Samtaka iðnaðarins, hafa tekið til umsagnar mál nr. 569 sem varðar framlengingu á bráðabirgðaákvæðum I og II í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að nauðsynlegt sé að framlengja framangreind ákvæði. Undir þessi sjónarmið taka SSP og er það í raun forsenda þess að Ísland verði að öflugt nýsköpunarland. Hins vegar gera samtökin athugasemd við að lagt sé til að hlutfall sérstaks skattafrádráttar af útlögðum kostnaði við rannsókn- og þróunarverkefni verði lækkaður úr 35% í 30% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Í umsögn þessari leitast samtökin eftir að sýna fram á alvarlegar afleiðingar þess að fallist verði á framangreint auk þess að að varpa ljósi á jákvæð áhrif skattafrádráttar á hagkerfið í heild sinni.

### **II) Áhrif stefnumörkunar stjórnvalda á sprotafyrirtæki**

Árið 2020 boðuðu íslensk stjórnvöld sókn í nýsköpun og fylgdu þeim yfirlýsingum fast eftir með því að hækka endurgreiðsluhlutfall á skattfrádrætti vegna kostnaðar sem fellur til við rannsókn- og þróunarverkefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja úr 25% í 35%. Sú breyting hafði gríðarlega jákvæð áhrif á starfsumhverfi sprotafyrirtækja og veitti öfluga viðspyrnu inn í efnahagskerfið. Þessi aðgerð skapaði hvata til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum, gerði það að verkum að sprotafyrirtæki juku við umsvif sín, fjölguðu störfum og settu aukinn kraft í starfsemi sína.

Endurgreiðslukerfið eins og það hefur verið úr garði gert síðastliðin tvö ár tryggir samkeppnishæfni Íslands og gerir það að verkum að sprotafyrirtæki velja að staðsetja starfsemi sína hér á landi fremur en að færa fyrirtækin til landa þar sem nýsköpunarumhverfið er öflugra og fyrirtækin hljóta víðtækari stuðning. Íslensk sprotafyrirtæki búa við mikinn þrýsting frá fjárfestum um að hafa höfuðstöðvar fyrirtækisins þar sem umhverfið er sem allra hagstæðast, sérstaklega í ljósi þess hversu hár launakostnaður er hér á landi í alþjóðlegum samanburði. Óhætt er að segja að samkeppni ríki um öflug sprotafyrirtæki.

Stjórnvöld hafa undanfarin misseri boðað áframhaldandi sókn í nýsköpun og núverandi ráðamenn hafa sett það markmið að hugverkaiðnaður verði enn sterkari stoð í hagkerfinu. SSP fagna þessari stefnumörkun og telja hana til hagsbóta fyrir samfélagið í heild sinni. Öflugur hugverkaiðnaður leiðir af sér fjölbreyttara hagkerfi, nýjar tæknilausnir sem munu hafa úrslitaáhrif í baráttunni við loftslagsvána sem og vel launuð, spennandi störf.

Félagsmenn SSP fögnuðu þegar sú stefna var boðuð í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að endurgreiðsluhlutfall yrði gert varanlegt og því var áfall fyrir fyrirtækin að boðuð væri lækkun á endurgreiðsluhlutfalli úr 35% í 30% í frumvarpi því sem nú er fjallað um. SSP lýsa yfir áhyggjum af þessu og skora eindregið á efnahags- og viðskiptanefnd að snúa þessari þróun við og tryggja að hlutfallið haldist í 35% yfir það tímabil sem frumvarpið varir, þ.e. á árunum 2022 og 2023.

Með vísan til framangreinds gera SSP eftirfarandi breytingartillögu á b. lið. 1. gr. laganna (breytingartillaga í rauðu):

*„Þrátt fyrir 1. mgr. skal nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefnum sem hlotið hafa staðfestingu skv. 5. gr. eiga rétt á sérstökum frádrætti frá álögðum tekjuskatti árið 2023 sem nemur **35** hundraðshlutum af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja að uppfylltum skilyrðum ákvæðisins að öðru leyti.“*

### **III) Reynslusögur frá íslenskum sprotafyrirtækjum**

Ávinningurinn af hækkun hlutfallsins árið 2020 er ótvíræður. Með skýrri stefnumörkun hafa íslensk stjórnvöld búið svo um hnútana að sprotafyrirtæki hér á landi geta vaxið og dafnað; flæði fjármagns hefur aukist og starfsmönnum fjölgað. Sem dæmi má nefna sprotafyrirtækið Ankeri sem var stofnað í lok árs 2016. Félagið hefur í tvígang fengið styrk úr Tækniþróunarsjóði og undanfarin ár notið stuðnings stjórnvalda í gegnum endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar. Heimsfaraldur kórónuveirunnar hafði þau áhrif að sölustarf erlendis tók lengri tíma en vegna hækkunar hlutfallsins gat fyrirtækið haldið áfram öflugri þróunarstarfi í stað þess að mögulega þurfa að draga saman seglin. Þessar aðgerðir hafa tryggt áframhaldandi vöxt fyrirtækisins þar sem gjaldeyristekjur hafa nú aukist um 80% frá því sem var fyrir kórónuveirufaraldurinn. Ankeri fékk seint á síðasta ári 300 milljón króna fjármögnun frá Frumtaki og starfa nú 12 starfsmenn hjá félaginu. Heildarupphæð stuðnings ríkisins frá stofnun félagsins er um 74 milljónir króna en félagið hefur nú greitt til baka til í formi staðgreiðslu og tryggingagjalds um 84 milljónir króna. Ríkissjóður hefur því fengið til baka allan þann stuðning sem fyrirtækinu hefur verið veittur í formi tekjuskatts og launatengdra gjalda.

Annað dæmi um fyrirtæki sem hefur nýtt sér endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunarkostnaðar er hugbúnaðarfyrirtækið Lucinity. Starfsmenn voru þrefalt fleiri um miðbik árs í fyrra en í upphafi kórónuveirufaraldursins eða í kringum 35 talsins. Fyrirtækið hefur fengið yfir 8 milljón dala fjármögnun frá erlendum sjóðum síðan það var stofnað árið 2018 sem nemur um milljarði íslenskra króna.

Rannís hefur tekið saman þrjú kynningarmyndbönd [á vefsíðu sinni](#) þar sem farið er yfir ávinning af endurgreiðslum vegna rannsókna- og þróunar. SSP hvetja nefndarmenn til þess að skoða myndböndin en til hægðarauka er stuttlega farið yfir fyrirtækin þrjú hér að neðan:

**Controlant:** Fyrirtækið þekkja í dag flestir Íslendingar en það hefur síðan 2007 þróað mælitækni og vöktunarkerfi til að fylgjast með flutningaferli vöru. Skattfrádráttur rannsóknar- og þróunarverkefna hefur verið spilað lykilhlutverk í vexti fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur fengið samtals 600 milljónir króna í stuðning en skilað ríkissjóði 2 milljörðum króna til baka á sama tímabili.

**MainManager:** Fyrirtækið þróar hugbúnað til fasteignausmsjár og eru starfsmenn hér á landi 12. Fyrirtækið þakkar endurgreiðslum vegna rannsókna- og þróunar þann mikla vöxt sem hefur orðið á síðastliðnum árum en framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir fyrirtækið hafa greitt 50-faldan þann stuðning sem hlaust í gegnum kerfið tilbaka í ríkissjóð í formi launatengdra gjalda.

**SagaNatura:** Líftækniyrirtæki sem nýtir astaxanthin til framleiðslu fæðubótarefna. Þróunin hefur átt sér stað hér á landi en vörurnar hafa þegar verið fluttar út til sölu erlendis. Skattfrádrátturinn hefur skipt sköpum fyrir vöxt félagsins en rekstrartekjur fyrirtækisins námu yfir 200 milljónum árið 2020 (ársreikningur fyrir árið 2021 hefur ekki verið birtur). Laun og launatengd gjöld voru yfir 133 milljónir árið 2020. Sama ár fékk fyrirtækið 68 milljónir króna í gegnum endurgreiðslukerfið. Vegna öflugs stuðnings gat fyrirtækið fjölgað stöðugildum um tvö það ár, á tímum óvissu vegna heimsfaraldurs og viðhaldið vaxtaáætlunum sínum.

#### IV) Möguleg neikvæð áhrif af fyrirhugaðri lækkun

SSP lýsa yfir áhyggjum af þeim áhrifum sem lækkun hefur í för með sér. Sem fyrr segir gáfu stjórnvöld skýran tón í stjórnarsáttmála um að lögð yrði áhersla á nýsköpun og íslensk stjórnvöld myndu fjárfesta í nýsköpunarumhverfinu með því að gera endurgreiðsluhlutfall varanlegt. Á þessum væntingum byggðu sprotafyrirtæki rekstraráætlanir sínar en með lækkuninni lækkar endurgreiðslan um 14 prósent sem hefur miklar afleiðingar fyrir rekstur sprotafyrirtækja sem fyrst og fremst stunda rannsóknir og þróun og eru þar af leiðandi mörg hver ekki enn með stöðugt tekjustreymi. Þessi lækkun mun hafa úrslitaáhrif fyrir mörg fyrirtækjanna um hvort þau auki umsvif eða dragi saman seglin.


Tímasetningin er einkar óheppileg þar sem nýsköpunarumhverfið er á mikilli siglingu þessi misserin. Tíma tekur að byggja upp traust en Ísland hefur sent þau skilaboð út í heiminn að hér á landi verði nýsköpun tekin fagnandi og litið á hana sem „nauðsyn en ekki lúxus“. SSP telja fullvíst að verði lækkun á endurgreiðsluhlutfallinu nú muni fjárfestar og fyrirtæki líta stuðningsumhverfið hér öðrum augum og hverfa frá uppbyggingaráætlunum hér á landi.

Nauðsynlegt er að festa endurgreiðsluhlutfall í sessi til frambúðar, í lengri tíma en til tveggja ára en SSP sýna því skilning að stjórnvöld vilji ráðast í mat á áhrifum á kerfinu og því gera samtökin ekki athugasemd við þann tímaramma sem frumvarpið setur. SSP mæla hins vegar með því að á meðan þessi greining fari fram verði ekki hróflað við endurgreiðsluhlutfallinu.

#### V) Lokaorð

Stuðningur stjórnvalda í gegnum endurgreiðslukerfi rannsókna- og þróunar er fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka til samfélagsins eins og sýnt hefur verið fram á hér að ofan. SSP hvetja efnahags- og viðskiptanefnd til þess að horfa til framtíðar og leggja til að endurgreiðsluhlutfall vegna skattfrádráttar rannsóknar- og þróunarverkefna verði haldið í sama horfi og síðastliðin tvö ár, þ.e. í 35%.

Virðingarfyllt,



Fida Abu Libdeh, formaður SSP



Nanna Elísa Jakobsdóttir, viðskiptastjóri á  
iðnaðar-og hugverkasviði SI